

## Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.

1. *Hve margir einstaklingar hafa óskað eftir réttaraðstoð við að leita nauðasamninga samkvæmt lögum nr. 65/1996 frá 1. janúar 1998 til 1. október 2002, sundurliðað eftir árum?*  
Árið 1998 ókaði 21 einstaklingur eftir réttaraðstoð, árið 1999 11 einstaklingar, árið 2000 voru þeir 20, 22 árið 2001 og 13 árið 2002.

2. *Hversu oft hefur réttaraðstoð við nauðasamningsumleitanir verið veitt á framangreindu tímabili, sundurliðað eftir árum?*  
Árið 1998 var réttaraðstoð veitt í 10 tilvikum, árið 1999 í 7 tilvikum, árið 2000 í 12 tilvikum, í 13 tilvikum árið 2001 og réttaraðstoð var veitt í 6 tilvikum árið 2002.